

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Kaup á flygli fyrir Tónlistarskóla Mosfellsbæjar

Dags: 8. september 2024

Málsnúmer: 202409146/-

Sendandi: Ólöf Kristín Sívertsen, Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Tillaga:

Lagt er til við bæjarráð Mosfellsbæjar að Listaskóla Mosfellsbæjar, tónlistarskóla, verði heimiluð kaup á flygli fyrir skólann.

Greinargerð:

Skólastjóri Listaskóla Mosfellsbæjar hefur óskað eftir því að kaupa nýjan flygil af gerðinni Yamaha S3XPE Grand Poiano.

Flygilinn yrði staðsettur í Hlégarði til að byrja með og kæmi í stað þess sem þar er nú en Listaskólinn myndi kaupa og eiga flygilinn og lána hann tímabundið til Hlégarðs. Brýn þörf er komin á endurnýjun hluta af flyglum Listaskólans þannig að kaup þessa flygils er mikilvægur þáttur í því verkefni.

Nemendur í Listaskólanum geta ekki spilað á núverandi flygil í Hlégarði í því ástandi sem hann er. Telur skólastjórinn mjög brýnt að kaupa þennan flygil fyrir veturinn þannig að nemendur skólans geti leikið á tónleikum í Hlégarði strax á þessu ári en tónleikahald er stór liður í kenningu skólans og Hlégarður er hugsaður sem tónleikasalur skólans.

Kaupverð flygilsins er kr. 8,5 m.kr. Skólinn myndi leggja til kr. 4 m.kr. núna en óskar eftir samþykki bæjarráðs fyrir 4,5 m.kr. í fjárhagsáætlun þessa árs svo greiða megi kaupverð strax að fullu. Lagt er til að sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

Virðingarfyllt,

Ólöf Kristín Sívertsen